

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐISHEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
75. fundur – 14. apríl 2004

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, miðvikudaginn 14. apríl 2004, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins. Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóri, ritaði fundargerð.

Fundarefni búfjárhald.

1. Vettvangsferð

1.1 Sörlaskeið 13, Atli Guðmundsson ehf.

Skoðuð var hestamiðstöð Atla Guðmundssonar ehf. að Sörlaskeiði 13, Hafnarfirði.

1.2 Sörlaskeið

Almenn umgengni var skoðuð við götuna. Í ljós kom að við nokkur hús hafði taði verið mokað í hauga út á lóð. Höfðu húsin greinilega verið tekin í notkun án þess að viðunandi taðgeymslur væru til staðar eða nútíma vinnubrögðum beitt eins og að nota gáma fyrir taðið. Núverandi notkun er ekki í samræmi við samþykkt skipulag.

1.3 Hesthúshverfið Glaðheimar í Kópavogi

Almenn umgengni og ástand mengunar- og slysavarna í hverfinu var skoðuð.

Sérstaklega var kannað ástand við þau hús þar sem eigendur hafa fengið athugasemdir og kröfur um úrbætur á undanförunum vikum og mánuðum. Taðþrær í hverfinu eru víða opnar og í sumum þeirra safnast vatn með tilheyrandi slyshættu og óþrifum.

1.4 Heimsókn til hestamannafélagsins Gustar

Á móti heilbrigðisnefndinni tóku f. h. stjórnar hestamannafélagsins Haraldur Guðfinnsson og Guðni Hólm. Sýndu þeir félagsaðstöðu og reiðhöll og kynntu starfsemi hestamannafélagsins.

Auk þess voru almennar viðræður um nauðsynlegustu úrbætur sem þarf að framkvæma í hverfinu.

Jón Bjarni Þorsteinsson mætti til fundar fyrir þennan dagskrárlið.

2. Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Loftur Þór Pétursson

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson

Richard Hansen

Andrés Pétursson